

Gjaldár 2016

Umsóknin þarf að hafa borist
ríkisskattstjóra í síðasta lagi 4. apríl 2016

Vélræn ákvörðun um fyrirframgreiðslu barnabóta kann að vera röng ef skattaðili:

- A** hefur slitið hjúskap eða sambúð
- B** maki býr/starfar erlendis
- C** hefur flutt til landsins á tekjuárinu
- D** óskar eftir skattalegri heimilisfesti námsmanns
- E** hefur stofnað til nýrrar sambúðar á tekjuárinu eða býr í óskráðri sambúð

Umsækjandi

Nafn eldri maka / einstæðs foreldris	Kennitala
Nafn yngri maka / sambúðaraðila	Kennitala
Heimilisfang	<input type="checkbox"/> Ef umsækjandi er einstætt foreldri skal staðfesta það með því að setja X í þennan reit

Ástæður fyrir umsókn

Merkið x í reitinn við ástæðu umsóknar og fyllið inn viðeigandi upplýsingar

Skilnaður eða sambúðarslit / óskað er eftir barnabótum sem einstætt foreldri Heildartekjur á árinu 2015

Meðfylgjandi gögn: Dags. skilnaðar eða sambúðarslita

Staðfesting frá sýslumanni Annað, hvað

Ný sambúð **Óskráð sambúð**

Skilyrði til samskóttunar eru uppfyllt ef eitt af neðangreindu á við

Sambúðin hefur varað samfelt í eitt ár hið skemmsta Eiga barn saman Eiga von á barni Á ekki við

Aðfluttur/brotfluttur til og frá landinu á árinu 2015 Heildartekjur á dvalartíma á árinu 2015

Komu- / brottfarardagur	Eldri maki / einstætt foreldri <input type="text"/>	Yngri maki <input type="text"/>	Eldri maki / einstætt foreldri <input type="text"/>
Komu- / brottfarardagur	Barns / barna ef annar en framfærenda <input type="text"/>		Yngri maki <input type="text"/>

Námsmenn erlendis – skattalegt heimilisfesti Heildartekjur á árinu 2015

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn:

- Vottorð um nám erlendis
- Staðfest gögn frá erlendum skattfyrvöldum um tekjur eða tekjuleysi
- Staðfest gögn um barnabætur erlendis

Eldri maki / einstætt foreldri

Yngri maki

Erlendar tekjur **Maki búsettur erlendis á árinu 2015** Heildartekjur á árinu 2015

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn:

- Staðfest gögn frá erlendum skattfyrvöldum um tekjur eða tekjuleysi
- Staðfest gögn um barnabætur erlendis

Tekjur erlendis á árinu 2015

Annað Hvað

Staðfesting

Með vísan til ofangreindra upplýsinga er sótt um leiðréttingu á fyrirframgreiðslu barnabóta 2015

Dagsetning

Undirskrift

Undirskrift

Sími

Skýringar

Fyrirframgreiðsla barnabóta

Fyrirframgreiðslan nemur 50% af áætluðum barnabótum ársins og greiðist með tveimur jöfnum greiðslum, 1. febrúar og 1. maí. Um er að ræða bráðabirgðagreiðslu upp í væntanlega álagningu. Við uppgjör í júní er fyrirframgreiðslan dregin frá ákvörðuðum barnabótum og eftirstöðvar greiddar út 1. júlí og 1. október. Komi í ljós með framtali að aðili hafi fengið ofgreiddar barnabætur í fyrirframgreiðslunni þarf að endurgreiða ofgreiðsluna 1. júlí. **Umsóknin þarf að hafa borist ríkisskattstjóra í síðasta lagi 4. apríl 2016.** Eftir þann tíma þarf að senda beiðni um leiðréttingu á þjónustusiðunni skattur.is undir flípanum „Framtal“ og þar undir „Beiðni um leiðréttingu“.

Hjúskaparstaða

Við ákvörðun barnabóta í fyrirframgreiðslu er tekið mið af hjúskaparstöðu samkvæmt Þjóðskrá í lok tekjuársins.

Tekjur

Barnabætur eru tekjutengdar en ekki eignatengdar. Við ákvörðun á fyrirframgreiðslu er tekið mið af upplýsingum úr staðgreiðsluskrá um launa-tekjur framfæranda. Einnig er litið til framtalinna fjármagnstekna á síðastliðnu ári (þar með talið leigutekna) og hreinna tekna af atvinnurekstri. Tekjur erlendis hafa áhrif á útreiking barnabóta á sama hátt og tekjur hér á landi. Óska þarf eftir leiðréttingu ef um það er að ræða.

Skilnaður / samvistarlit

Hafi hjón slitið samvistum fyrir árslok og samvistarlitin eru undanfari skilnaðar reiknast má reikna barnabætur eins og hjá einstæðu foreldri samkvæmt framtali þess hjóna sem barnið er skráð hjá. Sé hjúskaparstaða ekki rétt skráð í Þjóðskrá þarf að leggja fram vottorð frá sýslumanni eða þar til bærum yfirvöldum erlendis.

Óskráð sambúð

Hjá þeim einstaklingum sem búa í óskráðri sambúð, sem skrá má hjá Þjóðskrá reiknast barnabætur í fyrirframgreiðslu eins og hjá einstæðu foreldri hjá þeim aðila sem barnið er skráð hjá í árslok. Þessir aðilar þurfa að óska eftir leiðréttingu með hliðsjón af raunverulegri hjúskaparstöðu.

Ný sambúð

Hjá sambúðaraðilum sem hófu sambúð á tekjuárinu reiknast barnabætur eins og hjá hjónum/sambúðaraðilum. Séu skilyrði til samsköttunnar ekki uppfyllt í lok tekjuársins þarf að óska eftir leiðréttingu á fyrirframgreiðslunni.

Flutningur milli landa

Hjá þeim sem ekki eru búsettir á Íslandi allt árið eru barnabætur reiknaðar í hlutfalli við dvalartíma á Íslandi. Þetta á þó ekki við um námsmenn erlendis sem halda skattalegri heimilisfesti á Íslandi, þeir eiga rétt á barnabótum hér á landi að því marki sem þær eru hærrí en fengnar barnabætur eða hliðstæðar greiðslur erlendis frá.

Námsmenn erlendis

Námsmenn sem dvelja erlendis við nám geta átt rétt á barnabótum ef umsókn þeirra um skattalega heimilisfesti er samþykkt. Sótt er um skattalega heimilisfesti með framtali.

Barnabætur eru ákvarðaðar samkvæmt skattframtali og sé um hjón að ræða þurfa í öllum tilvikum að liggja fyrir upplýsingar um tekjur beggja. Frá barnabótum dragast barnabætur eða hliðstæðar greiðslur erlendis. Ekki er hægt að reikna fyrirframgreiðslu fyrr en upplýsingar um nám, tekjur og bætur erlendis liggja fyrir.

Barnabætur hjóna og fólks í staðfestri samvist – maki býr erlendis

Við álagningu skiptast barnabætur jafnt á milli hjóna og sama gildir um áætlaða fyrirframgreiðslu. Eigi hjón ekki sama lögheimili, vegna dvalar annars hjóna erlendis, greiðast barnabæturnar til þess foreldris sem barnið er skráð hjá enda liggja fyrir upplýsingar um tekjur beggja ásamt upplýsingum um barnabætur eða hliðstæðar greiðslur vegna sömu barna sem greiddar hafa verið erlendis. Sömu reglur gilda um pör í staðfestri samvist sem hafa barn á sínu framfæri.

Úr lögum nr. 90/2003

Úr A. lið 68. gr.:

Með hverju barni innan 18 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Framfærandi telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi. Hjón, sem skattlögð eru skv. 62. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambúðarfólk sem uppfyllir í lok tekjuársins skilyrði 3. mgr. 62. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein. Að sama skapi teljast þeir sem halda heimili saman ásamt barni sínu framfærendur í skilningi ákvæðisins þótt skilyrði til skráningar á sambúð séu ekki uppfyllt. Við slíkar aðstæður skal ákvarða barnabætur eins og um hjón sé að ræða. Sé svo ástatt að einungis annað hjón er skattskyldt hér á landi skv. 1. gr. skal reikna því fullar barnabætur vegna þeirra barna hjónanna sem eru heimilisföst hér á landi eftir þeim reglum sem gilda um hjón, enda liggja fyrir upplýsingar um tekjur beggja ásamt upplýsingum um barnabætur eða hliðstæðar greiðslur vegna sömu barna sem greiddar hafa verið erlendis. ⁽¹⁾

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári. Þannig skal fjárhæð barnabóta og skerðingarmörk vegna tekna, sbr. 4. mgr., ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann. ⁽²⁾

...

Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama tekjuári vegna barnsins. ⁽⁵⁾

...

Barnabætur skulu ákveðnar á grundvelli skattframtals við álagningu, sbr. X. kafla. Barnabætur sem eru ákvarðaðar lægri en 5.000 kr. á hvern framfæranda á grundvelli skattframtals falla niður. ⁽⁸⁾

...

Úrskurður ríkisskattstjóra um fyrirframgreiðslu barnabóta skal vera endanleg úrlausn málsins á stjórnarsýslustigi. ⁽⁸⁾